

Lög Skólameistarafélags Íslands vettvangur framhaldsskólanna og stjórnenda þeirra

1. grein.

Félagið heitir:

Skólameistarafélag Íslands - vettvangur framhaldsskólanna og stjórnenda þeirra.

(Skammstafað SMÍ)

Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein.

Íslenskir framhaldsskólar, sem starfa skv. lögum um framhaldsskóla og eru viðurkenndir af mennta- og menningarmálaráðuneytinu geta gerst aðilar að félaginu með því að sækja til stjórnar um félagsaðild. Skóli telst fullgildur aðili að félaginu þegar inntaka hefur verið samþykkt á aðalfundi.

3. grein.

Hlutverk félagsins er:

- Að gæta hagsmuna framhaldsskólanna.
- Að vera málsvari skólanna gagnvart mennta- og menningarmálaráðuneytinu, alþingi og öðrum opinberum aðilum.
- Að vera mennta- og menningarmálaráðuneytinu til ráðgjafar um málefni framhaldsskólans.
- Að vera vettvangur samráðs, samstarfs og þróunar í skólastarfi.
- Að taka þátt í erlendu samstarfi í félögum skólastjórnenda.
- Að efla og styrkja góða stjórnunarhætti í skólunum.
- Að vinna að framförum og umbótum í starfi framhaldsskóla.
- Að efla samskipti og samstarf milli skóla og skólastiga.
- Að halda úti fræðslustarfsemi fyrir félagsmenn.

4. grein.

Í félaginu starfa tvær deildir.

a) deild skólameistara.

Um deildina gilda sérstakar reglur sem nánar er kveðið á um í 11. grein þessara laga.

b) deild stjórnenda.

Um deildina gilda sérstakar reglur sem nánar er kveðið á um í 12. grein þessara laga.

5. grein.

Fulltrúar skólanna í starfi félagsins eru skólameistarar og aðrir sem hafa stjórnun að aðalstarfi. Einnig geta skólar sótt um að aðrir starfsmenn í stjórnun taki þátt í starfi félagsins enda séu þeir í að lágmarki 50% stjórnunarstarfi.

SKÓLAMEISTARAFÉLAG ÍSLANDS

vettvangur framhaldsskólanna og stjórnenda þeirra

6. grein.

Aðildarskólarnir greiða árgjald til að standa undir starfsemi félagsins. Upphæð árgjaldsins skal taka mið af fjárveitingum til skólanna. Stjórn skal gera tillögu um upphæð árgjalds fyrir hvern aðalfund og senda hana til skólanna með fundarboði. Gjaldkeri annast innheimtu þess og heldur bókhald um fjárreiður félagsins.

7. grein.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málum félagsins og skal hann haldinn í maí eða júní ár hvert. Á aðalfundi ræður hver aðildarskóli yfir tveimur atkvæðum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi um afgreiðslu annarra mála en breytinga á lögum.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Stjórn félagsins boðar til aðalfundar með tveggja vikna fyrirvara. Fundargerð síðasta aðalfundar, endurskoðaðir reikningar og tillaga um árgjald skal senda með aðalfundarboði auk dagskrár. Fundurinn er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar:

- Formaður setur fund og gerir tillögu að fundarstjóra og fundarritara.
- Uppstillingarnefnd gerir grein fyrir tillögum sínum um tilnefningar í stjórn.
- Fundargerð síðasta aðalfundar.
- Skýrsla stjórnar.
- Gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum starfsársins.
- Umræður um skýrslu formanns og reikninga. Reikningar félagsins bornir undir atkvæði.
- Tillögur til lagabreytinga.
- Kosning stjórnar og varastjórnar.
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga ásamt varamanni.
- Kosning þriggja í uppstillingarnefnd.
- Tillaga um árgjald skóla.
- Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
- Önnur mál.

8. grein.

Stjórn félagsins skipa fimm menn; þrjú skólameistarar og tveir stjórnendur. Stjórnin er kosin á aðalfundi til eins árs. Formaður er kosinn sérstaklega úr hópi skólameistara, að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Varastjórn skipa þrjú menn, tveir skólameistarar og einn stjórnandi. Fulltrúar í varastjórn eru kallaðir inn í forföllum stjórnarmanna.

9. grein.

Formaður félagsins boðar fundi í félaginu og skal halda ekki færri en fjóra fundi á ári fyrir utan aðalfund og þess á milli skal stjórn gera félagsmönnum grein fyrir störfum sínum og hafa gögn félagsins og fundargerðir aðgengileg. Skytt er að boða til fundar ef að minnsta kosti fjórðungur aðildarskóla krefst fundar.

SKÓLAMEISTARAFÉLAG ÍSLANDS

vettvangur framhaldsskólanna og stjórnenda þeirra

10. grein.

Stjórn félagsins getur boðað til funda um mismunandi málefni sem snerta félagið og/eða hópa innan þess.

11. grein.

Á vegum SMÍ skal rekin sérstök deild skólameistara, sem allir skólameistarar geta átt aðild að. Hlutverk hennar er að vinna að málum skólameistara, gæta hagsmuna, kjara- og réttindamála félagsmanna og vera sameiginlegur málsvari þeirra. Skólameistarar í stjórn SMÍ fara jafnframt með stjórn deildarinnar. Fjárhagur deildarinnar skal aðskilinn frá fjárhag SMÍ. Setja skal deildinni sérstakar reglur.

12. grein.

Á vegum SMÍ skal rekin sérstök deild stjórnenda, sem allir stjórnendur í SMÍ aðrir en skólameistarar geta átt aðild að. Hlutverk hennar er að vinna að málum stjórnenda og vera sameiginlegur málsvari þeirra. Stjórnendur í stjórn SMÍ fara jafnframt með stjórn deildarinnar. Fjárhagur deildarinnar skal aðskilinn frá fjárhag SMÍ. Setja skal deildinni sérstakar reglur.

13. grein.

Breytingar á lögum félagsins verða einungis gerðar á aðalfundi enda hafi tillögur verið kynntar með fundarboði. Tillögur að breytingum á lögum félagsins skulu berast stjórn þess eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Uppstillingarnefnd skilar tillögum um stjórn eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Til að breyta lögum þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

14. grein.

Tillaga um slit á félaginu skal sæta sömu meðferð og lagabreytingar, sbr. 13. grein. Við slit renna eignir félagsins til aðildarskólanna í réttu hlutfalli við árgjald.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi félagsins 4. júní 2015. Breytingar á aðalfundi 2. júní 2016. Breyting á aðalfundi á Akureyri 7. júní 2017. Breyting á aðalfundi 6. júní 2019 á Hellu.